

Fundargerð fjallskilastjórnar fyrrum Bæjarhrepps.

Fundur haldin hjá fjallskilastjórn fyrrum Bæjarhrepps í Hvalsárrétt 16. ágúst 2015 kl 20.00
Mættir voru undirritaðir.

Byrjað var á því að skoða salernisaðstöðu sem er við hlið kaffiskúrs. Það húsnæði fauk í vetur og skemmdist. Samþykkt var að taka þátt í kostnaði við að koma því í samt lag.

Gengið var með girðingu við fjárrétt. Hlið sjávarmeginn er lélegt og var samþykkt að endurnýja það og kaupa tvær nýjar hliðgrindur. Formanni var falið að tala við Samson um að grafa fyrir nýjum hliðstaurum.

Þetta þyrfti að gerast samhliða viðhaldi/endurnýjunar girðingarinnar. Einnig var samþykkt að endurnýja 200-300m af girðingu í hólfinu. Formanni falið að útvega nauðsynlegt efni til þessara verkefna.

Hannesi var falið að ræða við Björgvin um þessi verkefni.

Fjárrétt skoðuð og er hún í sæmilegu ástandi, en þyrfti þó að bera á hana viðarvörn. Líklega næst það ekki á þessu ári en reiknað með að viðarvörn verði keypt núna.

Farið var yfir leitarseðil og helstu atriði uppfærð í samræmi við nýjustu upplýsingar.

Samkvæmt fjallskilareglugerð Húnaþings vestra skal réttað í Hvalsárrétt laugardaginn 19. september og Kvíslarland verður leitað föstudaginn 18. september.

Önnur leit verður laugardaginn 3. október.

Réttað verður í Hvalsárrétt sunnudaginn 4. október kl 13.00

Formanni falið að ganga frá leitarseðli og koma honum til dreifingar.

Beðið var með að taka ákvörðum um ráðstöfun á fjármagni til styrkvega þar til ástand þeirra hefur verið kannað nánar.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Ingimar Sigurðsson formaður (sign)

Hannes Hilmarsson (sign)

Jónas Jónasson (sign)